



Langanesbyggð

Reglur Langanesbyggðar um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, samþykktum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. október 2010.

1. gr.

Með vísan til ákvæða í þriðju málsgrein 5. greinar laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga allir nemendur með lögheimili í Langanesbyggð rétt á skólavist í grunnskólum sveitarfélagsins.

2. gr.

Foreldrar/forráðamenn geta sótt um námsvist fyrir grunnskólanemendur í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags. Sækja þarf um það á skrifstofu Langanesbyggðar.

Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár og skal það gert fyrir 1. júlí ár hvert fyrir komandi skólaár. Ef lögheimili nemanda flyst eftir að skólaár hefst vísast til 2. greinar viðmiðunarreglna Sambands íslenskra sveitafélaga um greiðslur.

Umsóknir sem berast utan áður nefnds tíma án þess að tilkomi lögheimilisbreyting verða teknar fyrir sérstaklega sjá 4. grein hér að neðan.

3. gr.

Fræðslunefnd Langanesbyggðar heimilar sveitarstjóra að afgreiða umsókn um skólavist í öðru sveitarfélagi og staðfesta greiðsluskyldu sveitarfélagsins vegna skólavistar nemandans, að því gefnu að afgreiðsla rúmist innan fjárhagsramma málaflokksins.

Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs. Þurfi nemandi á sérkennslu og/eða nýbúakennslu að halda skal um það samið sérstaklega.

Greiðslubyrði vegna skólavistar nemandans fellur ekki á sveitarfélagið án samþykkis þess.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að innrita nemandann í viðtökuskóla og Langanesbyggð sendir staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

Afgreiðsla sveitarstjóra á umsókn um skólavist nemenda er stjórnsýsluákvörðun og skal ágreiningi um afgreiðslu vísað til fræðslunefndar.



Langanesbyggð

4. gr.

Langanesbyggð heimilar skólavist í öðru sveitarfélagi á eftirfarandi forsendum:

- a) Að nemandi eigi við náms- og/eða félagslega örðugleika að stríða í skólavist sinni sbr. 17. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.
- b) Að nemandi þurfi að fylgja foreldri/foreldrum sem stunda háskólanám sem krefst tímabundinnar búsetu utan lögheimilissveitarfélags, enda teljist námið lánshæft að mati Lánasjóðs íslenskra námsmanna og staðfestingu á námsvist sé framvísað.
- c) Að nemandi þurfi að leita sér lækninga sem krefst tímabundinnar búsetu utan lögheimilissveitarfélags og að staðfestingu þess efnis sé framvísað.
- d) Að nemandi þurfi að fylgja foreldri/foreldrum sem þurfa að leita sér lækninga sem krefst tímabundinnar búsetu utan lögheimilissveitarfélags og að staðfestingu þess efnis sé framvísað.
- e) Að nemandi af félagslegum ástæðum þurfi að stunda nám annars staðar en í heimahéraði sbr. 75. gr. barnaverndarlaga.
- f) Að umsóknir berist á tilsettum tíma, sbr. 2. gr.

5. gr.

Skólastjórnendur grunnskóla í Langanesbyggð geta í samráði við sveitarstjóra heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum *) námsvist í grunnskólum Langanesbyggðar sé þess óskað, enda liggja fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.

*) sbr. 3. gr. reglna um skólavist.

6. gr.

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

Samþykkt í fræðslunefnd Langanesbyggðar þann 24. janúar 2012.

Samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar þann 26. janúar 2012.